

Fundargerð 319. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 6. maí 2025
Fundartími: 17:00-18:35
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar afhenti sveitarstjórn Ingibjörgu Einarsdóttur gjöf og þakkir fyrir störf sín sem húsvörður hjá sveitarfélaginu en hún hefur starfað í um 32 ár sem húsvörður í Þingborg, fyrst hjá Hraungerðishreppi og síðar hjá Flóahreppi. Ingibjörg lætur nú af störfum þar sem hún verður 70 ára í maí.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

Nr. 300, dags. 09.04.2025

a) Hrafnsholt L203508; Uppskipting lands; Deiliskipulagsbreyting – 2503089

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Hrafnsholts L203508 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að landinu er skipt í tvennt og byggingarreitur skilgreindur á minni lóðinni.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Hrafnsholts L203508 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Hjálmholt L166235; Hjálmholt 3; Stofnun lóðar – 2504016

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 27.03.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 1.200 fm lóð, Hjálmholt 3, úr landi Hjálmhólts L166235. Þegar byggt íbúðarhús er staðsett innan lóðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til þess að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að stofnuð verði 1.200 fm lóð, Hjálmholt 3, úr landi Hjálmhólts L166235 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 27.03.2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Nr. 301, dags. 30.04.2025

a) Syðri-Gróf L166373; Byggingarheimild; Fjós – 2504027

Móttekin var umsókn um byggingarheimild, þann 04.04.2025, ásamt drögum að teikningum af 950 fm fjósi á jörðinni Syðri-Gróf 2 L166373 í Flóahreppi. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem fyrir liggur samþykki nágranna vegna málsins mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa með fyrirvara um fullnægjandi gögn*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að umsókn um byggingarheimild á 950 fm fjósi á jörðinni Syðri-Gróf 2 L166373 dags. 04.04.2025 fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í ljósi þess að samþykki nágranna liggur fyrir vegna málsins samþykkir sveitarstjórn að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Skógsnes 3 L229834; Byggingarheimild; Aðstöðuhús – 2407045

Erindi sett að nýju fyrir fund. Mótteknir voru nýjir uppdættir þann 16.04.2025 fyrir 45,3 fm aðstöðuhús á landinu Skógsnes 3 L229834 í Flóahreppi. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að umsókn um byggingarheimild á 45,3 fm aðstöðuhúsi á landinu Skógsnes 3 L229834 fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Heiðarbær land 2 L199648; úr frístund í íbúðarsvæði; Fyrirspurn – 2504046

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Heiðarbæ land 2 L199648 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir því að lóðin verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði eða íbúðarsvæði í aðalskipulagi í stað frístundasvæðis. Fyrirhugað er að byggja íbúðarhús og skemmu á lóðinni og hafa þar lögheimili. *Skipulagsnefnd vísar málinu til umræðu og úrvinnslu sveitarstjórnar Flóahrepps í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags sem nú stendur yfir.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa fyrirspurn er varðar breytta landnotkun í Heiðarbæ land 2 L199648 til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L2322389; Rekstrarleyfi í flokki II; Deiliskipulagsbreyting – 2504076

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags fyrir Hnaus II, frístundabyggð. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu vegna Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L2322389 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins. Með breytingunni verði heimilt að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Loftsstaðir-Vestri L165512; Byggingarheimild; Skemma – 2503080**

Móttekin var umsókn þann 16.01.2025 um byggingarheimild fyrir um 250 fm skemmu á jörðinni Loftstaðir-Vestri L165512 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsagnar Minjastofnunar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að umsókn um byggingarheimild á 250 fm skemmu á jörðinni Loftstaðir-Vestri L165512 fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsagnar Minjastofnunar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar eða frá Minjastofnun skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; Aðalskipulagsbreyting – 2406056**

Löggjafi er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis Hvítárbyggðar L238531 (F22) sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis Hvítárbyggðar L238531 (F22) sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 224, dags. 02.04.2025 og nr. 225, dags. 16.04.2025**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Ársreikningur Flóahrepps 2024 – Seinni umræða**

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2024 lagður fram til seinni umræðu í sveitarstjórn ásamt sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram í sveitarstjórn þann 7. apríl 2025.

Niðurstaða ársreiknings Flóahrepps fyrir árið 2024 er jákvæð í A hluta og í A og B hluta samanlagt.

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2024 1.333 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 179,3 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 172,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 18,8 millj. kr. frá samstæðu.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 218,7 millj. kr. en 199,2 millj.kr. í A hluta.

Bókfært verð eigna sveitarfélagsins í A og B hluta nam 1384,1 millj. kr. í árslok 2024, eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.002,9 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 381,2 millj. kr. í árslok 2024.

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu 2024 nam 59,7 millj. kr í A og B hluta. Stærsti hluti fjárfestinga var í breytingum á skólahúsnæði Flóaskóla.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2024, þ.e. hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af tekjum, nam 29% í A og B hluta. Skuldaviðmið ársins er ekki reiknað þar sem veltufjármunir sveitarfélagsins eru umfram skuldir. Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili (2022-2024) er jákvæður um 296,7 millj. kr. í A og B hluta. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af rekstrartekjum í A og B hluta nemur 49% en áætlun gerði ráð fyrir 52,9%. Í ársreikningnum er hlutdeild sveitarfélagsins í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna færð til samræmis við ábyrgð sveitarfélagsins.

Engin lántaka var á árinu 2024 og öll fjárfesting greidd með afgangi af rekstri.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2024 og staðfestir hann með áritun sinni. Einnig samþykkir sveitarstjórn framlagða sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu 2024. Niðurstöður ársreiknings 2024 sýna mjög góða stöðu sveitarfélagsins og sýnir fram á getu sveitarfélagsins til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Veltufé frá rekstri upp á 218,7 millj. kr. endurspeglar það svigrúm sem rekstur sveitarfélagsins gefur til að standa undir nýjum fjárfestingum, framkvæmdum og uppbyggingu innviða í þágu íbúa.

Sveitarstjórn vill þakka stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag er varðar ábyrga rekstrarstjórnun innan deilda sveitarfélagsins og gott utanumhald og eftirlit.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Niðurstöður hóps um val á götuheitum í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg

Á fundi sveitarstjórnar dags. 01.04.2025 samþykkti sveitarstjórn að óska eftir fulltrúum úr hópi 60+ íbúa sveitarfélagsins til að fara yfir innsendar tillögur og skila inn þremur tillögum fyrir hvora götu til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar hóp um val á götuheitum í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg fyrir sitt framlag við valið. Sveitarstjórn samþykkir að A gata í gildandi deiliskipulagi fái nafnið Þingmói og B gata fái nafnið Þingbrú. Sveitarstjóra falið að hafa samband við viðkomandi aðila sem sendu inn ofangreindar tillögur. Sveitarstjórn samþykkir að veita viðurkenningar fyrir vinningstillögur á Fjöri í Flóa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Öruggara Suðurland

Fyrir liggur bréf til sveitarfélga á Suðurlandi frá Öruggara Suðurlandi er varðar myndavéla-eftirlit.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að svara bréfinu og veita upplýsingar um staðsetningu og virkni þeirra öryggismyndavéla sem eru á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn hvetur framkvæmdateymi Öruggara Suðurlands og lögreglustjórnann á Suðurlandi

til þess að koma upp myndavélakerfi við Þjóðveg 1 til að auka myndavélaeftirlit á svæðinu í löggæslutilgangi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands

Fyrir liggur styrkbeiðni og áframhaldandi stuðningi við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að árlegt framlag í Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands verði 40.000 kr og að samningur verði gerður til þriggja ára eða 2026-2028.

Samþykkt með 3 atkvæðum

7. Umsóknir um styrk til menningarmála í Flóahreppi

Skv. gildrandi reglum um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi og ákvörðun sveitarstjórnar veitir sveitarstjórn Flóahrepps árlega styrki til menningarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkti að heildarupphæð styrkja vegna menningarmála á árinu 2025 verði 500.000 kr.

Ein umsókn barst um menningarstyrk 2025. Sveitarstjórn felur íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd að fara yfir innsenda umsókn og senda umsögn á sveitarstjórn eigi síðar en 16. maí. Úthlutun styrkja verður í tengslum við Fjör í Flóa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Atvinnumálastefna neðri hluta Árnessýslu 2025-2029

Frá ársbyrjun 2024 hefur sameiginleg atvinnustefna Flóahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar og Hveragerðisbæjar verið í vinnslu. Verkefnastjórn hefur fundað nokkrum sinnum á tímabilinu, gerð hefur verið könnun á meðal íbúa, íbúafundir haldnir og atvinnumálanefndir innan sveitarfélaganna komið að vinnunni.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu 2025-2029.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Bréf frá Minjastofnun Íslands

Fyrir liggur bréf til sveitarfélagsins frá Minjastofnun Íslands dags. 27.03.2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar í fylgigögn með bókun sveitarstjórnar frá 01.04.2025 þar sem stjórnarsýsluferill fasteignarinnar Þingborg eldri er rakinn. Sveitarstjórn tekur jafnframt undir svarbréf Vegagerðarinnar við ofangreindu bréfi þar sem Vegagerðin áréttar að hún hyggst hafa samráð við Minjastofnun áður en og ef ákvörðun um niðurrif verður tekin og óskir Vegagerðarinnar um fund milli aðila þegar hönnun á breikkun Hringvegar frá Selfossi að Markarfljóri er lengra komin.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Foreldrafélagi Flóaskóla

Fyrir liggur erindi frá stjórn Foreldrafélags Flóaskóla þar sem óskað er eftir afslætti af leigu á félagsheimilum sveitarfélagsins eða felli leigu niður að öllu leitu vegna viðburði á vegum félagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að Foreldrafélag Flóaskóla vilji efla starf félagsins enn frekar og samþykkir að Foreldrafélag Flóaskóla nýti skólahúsnæði, þ.m.t. Þjórsárver, endurgjaldslaust og í samráði við skólastjóra líkt og áður. Sveitarstjórn bendir á að hægt er að hafa samband ef um stærri viðburði er að ræða en rúmast innan skóla og Þjórsárvers.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Ellen Bergan og Skeggja Gunnarssyni

Fyrir liggur erindi frá eigendum Skeggjastaða L166273 þar sem óskað er eftir því að í endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins verði gert ráð fyrir að á 2,5 ha landi verði byggt 1000 m² fjós og 160 m² íbúðarhús á hluta lands Skeggjastaða sem liggur sunnan Þjóðvegar 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og fagnar áætlunum um uppbyggingu á jörðinni. Sveitarstjórn bendir á að núverandi landnotkun svæðisins í aðalskipulagi gerir ráð fyrir því að viðkomandi landsvæði sunnan vegar sé landbúnaðarland. Ekki gert ráð fyrir breytingu á núverandi landnotkun svæðisins innan endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps. Skilgreining byggingarheimilda og byggingarreita innan jarðarinnar utan núverandi bæjarstæðis er hins vegar háð því að unnið verði deiliskipulag sem tekur til uppbyggingaráforma sunnan þjóðveggar. Sveitarstjórn samþykkir að koma erindi áfram á Landmótun sem vinnur að endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps. Er því beint til landeigenda að koma deiliskipulagi fyrir svæðið í ferli í samráði við skipulagsfulltrúa UTU.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Bjarna Ólafssyni – Vegna heimreiðar í Króki

Fyrir liggur erindi er varðar heimreið að Króki L235689. Í erindi kemur fram að Vegagerðin taki heimreiðina ekki inn á vegaskrá fyrr en landeigendur ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á veginum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur Vegagerðina til að endurskoða svar sitt og að hún samþykki að færa heimreið að Króki L235689 inn á vegaskrá að nýju og leggi til þann grunnkostnað og endurbætur sem þarf til þess að vegurinn standist lágmarkskröfur um héraðsvegi. Sveitarstjórn bendir á að hér er um að ræða héraðsveg sem áður var á vegaskrá en í dag stendur nýlegt íbúðarhús á landinu og óska landeigendur því eftir því að vegurinn að Króki L235689 verði settur að nýju inn á vegaskrá. Lögheimilisskráning og föst búseta er í Króki L235689 og nýta íbúar þjónustu sveitarfélagsins svo sem skólaakstur, sorphirðu og snjómokstur. Að auki er mikilvægt að aðkoma viðbragðsaðila sé tryggð svo sem vegna brunavarna og aðkomu sjúkrabíla.

Sveitarstjórn hvetur jafnframt ráðherra vegamála til að endurskoða þau lög og reglugerðir er varða veglagningu og viðhald héraðsvega að ný uppbyggðum eða uppgerðum býlum í dreifbýli. Stuðningur og einfaldari stjórnsýsla vegna nýrri og eldri héraðsvega eru einn af þeim þáttum sem skipta miklu máli þegar kemur að því að efla búsetu og fjölga íbúum í dreifbýli. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og óska eftir fundi með Vegagerðinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 316, dags. 01.04.2025, nr. 317, dags. 07.04.2024 og nr. 318, dags. 25.04.2025
- b) Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar nr. 11, dags. 03.04.2025
Varðandi lið 1 í fundargerð þá óskar sveitarstjórn eftir því að taka fund með landbúnaðar- og atvinnumálanefnd til að fara yfir drög að samþykkt um búfjárhald í Flóahreppi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Umhverfis- og samgöngunefndar dags. 03.04.2025
Varðandi lið 2 í fundargerð þá hefur sveitarstjóri auglýst hreinsunardaga 12.-17. maí og Íslenska Gámafélagið hefur samþykkt að hafa opið laugardaginn 17. maí.
Varðandi lið 3 í fundargerð þá fagnar sveitarstjórn því að veita eigi umhverfisverðlaun á 17. júní í ár.
- d) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 15, dags. 31.03.2025
- e) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 32, dags. 01.04.2025
Varðandi lið 3. þá hefur sveitarstjóri óskað eftir því við starfsmenn Umhverfis- og tæknisviðs að þeir skoði verkferlil vegna nýrra deiliskipulaga m.t.t. ljósleiðara og vatnslagna.

Varðandi lið 6 í fundargerð þá mun sveitarstjórn taka fyrir drög að úthlutunarreglum á fundi á næstu vikum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f)** Flóahrepps og Vegagerðarinnar vegna hringvegar (1) Þjórsár-Selfoss dags. 20.05.2025 ásamt minnisblaði/drögum að verkefnisáætlun

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða verkefnisáætlun með þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið. Athugasemdir sveitarstjórnar snúa aðallega að því að samráði við hagaðila svo sem landeigendur, hestamannafélag og veitufyrirtæki verði bætt inn í áætlunina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g)** Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 4, dags. 02.04.2025
h) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 26.03.2025
i) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 83, dags. 24.03.2025
j) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 81, dags. 19.02.2025, nr. 82, dags. 12.03.2025 og nr. 83, dags. 09.04.2025
k) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 27, dags. 23.04.2025
l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 973, dags. 14.03.2025, nr. 974, dags. 19.03.2025, nr. 975, dags. 20.03.2025, nr. 976, dags. 04.04.2025 og nr. 977, dags. 11.04.2025
m) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 33, dags. 25.04.2025 ásamt ársreikningi 2024
n) Stjórnar SASS nr. 621, dags. 04.04.2025
o) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 80, dags. 12.03.2025

14. Efni til kynningar

- a)** Frá Héraðssambandi Skarphéðins – Bréf til sveitarfélaga, þinggerð héraðsþings 2025 og ársskýrsla HSK 2025
b) Ársreikningur Hitaveitu Hraungerðishrepps sf. 2024
c) Ársreikningur Almannavarna Árnessýslu 2024
d) Frá Umhverfis- og orkustofnun – Loftslagsdagurinn 1. október 2025
e) Frá Sorpstöð Suðurlands og SASS – Upplýsingafundur fyrir sveitarfélög um stöðu brennslumála á Íslandi
f) Frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands – Boð á ársfund NTÍ 22. maí 2025
g) Frá Vegagerðinni – Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Arabæjarhjáleigu í Flóahreppi
h) Frá Skipulagsstofnun – Umhverfismatsdagurinn 5. júní 2025
i) Fréttatilkynning frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi
j) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Þátttaka í bakhóp
k) Frá Samtökum orkusveitarfélaga – Orkufundur 26. maí 2025
l) Frá Skógfræðingafélagi Íslands – Ályktun aðalfundar Skógfræðingafélags Íslands 2025
m) Frá Landskerfi bókasafna – Aðalfundur Landskerfis bókasafna 2025 ásamt ársreikningi 2024 og samþykktir Landskerfis bókasafna hf.
n) Frá félögum í Landvernd og hópnum Mótvindur Íslands – Opið bréf til sveitarstjórna
o) Frá Skipulagsstofnun – Skipulagsdagurinn 23. október 2025
p) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 268. mál: Verndar- og orkunýtingaráætlun (bætt málsmæðferð og aukin skilvirkni)
q) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 270. mál: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

- r) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 271. mál: Stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála (stefnumörkun)
- s) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 272. mál: Sveitarstjórnarlög (mat á fjárhagslegum áhrifum)
- t) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 20. maí kl. 17.00 í Þingborg

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)